

## Fjölskylduráð Múlapings - 59 (17.1.2023) - Kosning fulltrúa í embætti, stjórnir, ráð og nefndir

**Málsnúmer** : 202205380  
**Málsaðili** : Múlaping  
**Niðurstaða (stutt)** : Samþykkt  
**Fundardagur** : 17.01.2023

**Inngangur** :

**Niðurstaða** : Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með breytingum frá 1. október 2018 er kveðið á um að sveitarfélög skuli skipa samráðshóp um málefni fatlaðs fólks sbr. 2. mgr. 42. gr. laganna. Hlutverk notendaráðs er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við sveitarstjórn um hagsmuni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk, framkvæmd hennar og þróun. Ráðið stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli fatlaðs fólks og stjórnvalda um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða fatlað fólk og er þeim og fastanefndum þeirra til ráðgjafar í þeim efnum. Markmiðið með starfi notendaráðsins er að gera fötluðu fólk kleift að hafa áhrif á og taka þátt í skipulagi og framkvæmd þjónustu sem það varðar, svo og öðrum hagsmunamálum sínum á þjónustuvæðinu.

Fjölskylduráð í umboði sveitarstjórnar skipar eftirfarandi fulltrúa í samráðshópinn:

Aðalmenn:

Guðný Margrét Hjaltadóttir (D)  
Jónína Brynjólfsdóttir (B)  
Jóhann Hjalti Þorsteinsson (L)

Varamenn:

Sigurður Gunnarsson (D)  
Björg Eypórsdóttir (B)  
Ásrún Mjöll Stefánsdóttir (V)

Hagsmunasamtök fatlaðs fólks tilnefni eftirfarandi aðila í samráðshópinn:

Aðalmenn:

Arnar Ágúst Klemensson  
Fanneý Sigurðardóttir  
Matthías Þór Sverrisson

Varamenn:

Guðni Sigmundsson  
María Sverrisdóttir  
Jónína Bára Benediktsdóttir

Samþykkt samhljóða með handauppréttingu.